

## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

**14. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 11. 4. 2016 kl. 20:00**

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir ritari, Hlíf Þorgeirsdóttir formaður FFA, Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri.

Forföll boðaði: Berglind Pétursdóttir, Bergþóra Kristín og Hlín Bjarnadóttir

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

### 1. Erindi til stjórnar FSÍ – frá framkvæmdastjórum

*Varðandi launakostnað landsliðsþjálfara.*

Stjórn FSÍ fagnar því að fá sameiginlegt erindi frá formönnum og framkvæmdastjórum. Búið er að funda með fulltrúum þeirra sem sendu erindið og gekk sá fundur vel.

Framhaldið verður unnið í tengslum við fjárhagsáætlun 2017.

### 2. Hlíf Þorgeirsdóttir – framboð til FIG

*Hlíf óskar eftir stuðningi stjórnar FSÍ við framboð sitt í nefnd um Fimleika fyrir alla hjá FIG.*

Stjórn FSÍ styður við framboð Hlífar og telur það sterkt fyrir íslenska fimleika að eiga fulltrúa í nefndinni.

### 3. Önnur mál

*Hlíf Þorgeirsdóttir hvatti stjórn til að efla fræðslu um samkynhneigð í íþróttum.*

Stjórn tók vel í ábendinguna.

*Sólveig kynnti á fundinum að ákvörðun hafi verið tekin um að senda varamann á undankeppni Ólympíuleika.*

Dominiqua Alma Belanyi fer fyrir hönd Íslands sem varamaður.

**Fundi slitið klukkan 21:00**

**15. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 25. apríl kl. 20:00**